


## Gildandi deiliskipulag

Hluti uppdráttar samþ. 2. febrúar 1993

1 : 2.000

N




## Breytt deiliskipulag

1 : 2.000

# Greinargerð

Deiliskipulag A-áfanga svæðis fyrir blandaða atvinnustarfsemi í Krossaneshaga var samþykkt í Bæjarstjórn 2. febrúar 1993. Nokkrar lóðir í hverfinu hafa byggst á liðnum árum og hefur þar í ýmsum atriðum verið vikið frá skipulaginu án þess að því hafi verið breytt með formlega réttum hætti. Fyrr á þessu ári voru hinsvegar gerðar formlegar breytingar á því fyrir lóðir við safngötu C (Baldursnes) vestast/nyrst í hverfinu og einnig var byggingarreitum á tveimur lóðum við Njarðarnes breytt.

Breytingin sem hér er gerð tillaga um felst í því að bætt er við lóð neðst við Hlíðarbraut fyrir yfirfallsmannvirki, sem er hluti af fráveitukerfi bæjarins. Mannvirkið verður að miklu leyti neðanjarðar og verður landslag mótað þannig upp að því að einungis stoðveggir og handrið standi uppúr.

Hér til hliðar eru annarsvegar hluti af samþykktum skipulagsuppdrætti og hinsvegar samsvarandi hluti af uppfærðu korti Akureyrarbæjar, með hæðarlínum skv. loftmyndum frá 2003, og eru lóð og byggingarreitur fyrir yfirfallsmannvirkið færð þar inn. Framsetningin er höfð með þessum hætti til þess að hægt sé að átta sig á áðurnefndum frávikum sem orðin eru frá skipulaginu.

Fyrir lóðir sem enn eru óbyggðar gilda áfram ákvæði upphaflega deiliskipulagsins, s.s. um byggingarreit, nýtingarhlutfall, húsgerð og notkun.

## Skýringar (eiga við gildandi skipulag)

- Lóðarmörk
- Byggingarreitur
- Bundin byggingarlína
- Bílastæði, staðsetning ekki bundin
- [30] Fjöldi bílastæða
- Græn svæði / óhreyft land
- Nýtingarlykill: V.I.Þ. | 0,3 / 5,0 | H 1 — Starfsemi | Nýtingarhlutfall / Vegghæð | Húsgerð
  - V: Verslun
  - I: Iðnaður
  - Þ: Þjónusta
- Göngustígar
- Kvöð um göngustíg
- Kvöð um frárennslislögn
- A1 - b Lóðarnúmer
- VII Númer reits



## Aðalskipulag Akureyrar 1998 - 2018

Mælikvarði 1:10.000

**Skipulagsbreyting þessi, sem hefur hlotið meðferð skv. 26. gr. og 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b., var samþykkt í Bæjarstjórn hinn 17/10 2006**

**Akureyrarbær lýsir því yfir að hann tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir vegna skipulagsbreytingarinnar.**

**Akureyri, 5/12 2006**

**Bæjarstjóri**

BÆJARSTJÓRN AKUREYRI

Umhverfisdeild Akureyrarbæjar

# KROSSANESHAGI

## Breyting á deiliskipulagi ág. '05

## (Ný lóð fyrir yfirfallsmannvirki)

**Mælikvarði: 1:2.000 / 1:10.000**
**Unnið af: FB**
**Dagsetning: 24. ágúst 2005**